

Endurrit úr þingbók Kjaradóms

Árið 1981, fimmudaginn 24. september kom Kjaradómur saman að Rauðarárstíg 31 í Reykjavík og var haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni Rögnvaldssyni og Jóni G. Tómassyni.

Fyrir var tekið:

Ákvörðun um þingfararkaup  
og kostnað alþingismanna  
samkvæmt lögum nr. 75/1980.

Þingfararkaup og kostnaður alþingismanna 1. október 1981 til 30. september 1982 ákveðst þannig:

1. Þingfararkaup, skv. 1.gr. verði 14.969 kr. á mánuði frá 1. október 1981. Kaup þetta tekur sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 13/1979 og lög nr. 10/1981.
2. Húsnæðiskostnaður vegna þingstarfa, skv. 1.mgr. 2.gr. verði 2.500 kr. á mánuði frá 1. október 1981.
3. Dvalarkostnaður um þingtímann, skv. 1.mgr. 2.gr., verði 90 kr. á dag frá 1. október 1981.
4. Dvalarkostnaður í kjördæmi, skv. 2.mgr. 2.gr., verði 15.600 kr. tímabilið 1. október 1981 til 30. september 1982.
5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi, skv. 4.gr., verði frá 1. október 1981 þessi á mánuði:

|                       |           |
|-----------------------|-----------|
| Í Reykjavíkurkjördæmi | 960 kr.   |
| Í Reykjaneskjördæmi   | 1.750 kr. |
| Í öðrum kjördæmum     | 2.875 kr. |

Bundinist móttunar

Tómas Þórarinsson  
Jóni Rögnvaldsson

Ólafur Finnur  
Jón G. Tómasson.